

## #1 Haukur Arnþórsson - 07.04.2020

Umsögn um frumvarp til kosningalaga.

Upplýsingatæknin ræður ekki við öll verkefni. Til dæmis má ekki láta hana koma nálægt gögnum sem varða kosningar - og er þá m.a. átt við kjörskrá og atkvæðaseðla - og er þá ekki minnst á kosningakerfin sjálf. Alkunna er að öll gögn eru notuð, seld og misnotuð, yfirleitt er bara spurning um tíma hvenær það verður gert. Þannig mun doktorsnemi framtíðar geta skrifað um sundferðir nefndarmanna í kjörskrárnefnd meðan á vinnslu tillagna þeirra stóð.

Það er tekin mikil áhætta hvað varðar leynileika að gera kjörskrá rafræna. Tímastimpill fylgir öllum færslum í gagnagrunnum. Því verður alltaf hægt að rekja kjósanda á móti atkvæði ef einhver númering verður á atkvæðaseðli eða ef honum er á einhvern hátt raðað. Því er það svo - að enda þótt útlit sé sem stendur fyrir að rafræn kjörskrá eyðileggi ekki leynileika kosninga - þá útilokar hún að sett verði raðnúmer eða önnur kennileiti á kjörseðla og tilheyrandi sjálfvirkni í talningu - og þar með lokast á að í framtíðinni verði hægt að kjósa samkvæmt kosningakerfum sem byggja á slíkri númeringu. Þetta þýðir að rafræn kjörskrá takmarkar notkun kosningakerfa verulega og þá á ég m.a. við kerfi sem notuð hafa verið hér á landi (kosningar til stjórnarskráþings) og sem tillögur hafa komið fram um að verði notaðar hér á landi - og það var kannski ekki tilgangur ákvæðisins í 3. mgr. 27. gr. frumvarpsdraganna. Hyggist nefndin auk þess heimila einhverjar merkingar á kjörseðlum er málið sjálfdautt.

Ég legg til að prentuð kjörskrá verði áfram notuð við kosningar á Íslandi, enda erum við með eitt besta og öruggasta kosningakerfi sem notað hefur verið - og öfunda margar þjóðir okkur af því - og í Bandaríkjunum hafa starfað samtök sem vilja koma því á (kerfið er kallað VVPB, Voter Verified Paper Ballout) og hefur þeim orðið það ágengt að Bandaríkjaþing er nú með frumvarp til meðferðar sem skilyrðir notkun Diabold-kosningavélanna (þær eru nú notaðar í flestum fylkjum) við að kjósandinn prenti út pappírseðil með atkvæði sínu. Frumvarpið var samþykkt í fulltrúadeildinni með miklum meirihluta, en bíður nú meðferðar öldungadeildarinnar, sjá <https://www.congress.gov/bill/116th-congress/house-bill/2722>. Þessir prentuðu atkvæðaseðlar verða síðan grundvöllur talningarinnar. Munum orð Stalíns: "Kosningar vinnast í talningunni".

Ég hef nokkuð ritað um öryggi rafrænna kosninga í gegnum árin og m.a. fylgst með deilunum í Bandaríkjun sem hófust um málið á árinu 2004, eftir Flórída-hneykslið, þegar kosningatölvun frá Diabold varð ofaná hjá repúblíkanaflokknum (ég nefni John Hopkins skýrsluna í framhjáhlaupi) og ég hef fylgst með framgangi og úttektum á netkosningakerfum, s.s. í Eistlandi, Noregi og Spáni. Hvarvetna staðfesta sérfræðingar, prófessorar í tölvunarfræði og hakkarar að flest verkefni sem varða kosningar séu ekki á valdi upplýsingatækninnar. Vegna ógna við leynileika. Kosningakerfið í Eistlandi sem er draumur margra Íslendinga er t.d. svo opið fyrir innbrotum að hvaða leynipjónusta sem er (og jafnvel einstakir hakkarar) getur hagrætt kosninganiðurstöðum í því landi (sjá t.d. Harri Hursti skýrsluna).

Ég hef samt ekki gert mig gildandi í opinberri umræðu á Íslandi um öryggi rafrænna kosninga, hliðarkerfa við kosningar og kosningakerfa, af þeim sökum að margir íslenskir tölvunarfræðingar telja slík kerfi vera framtíðina - og útúða raunsæisröddum. Ég hef bent þeim sömu aðilum á að ef þeir sjálfir gera örugg rafræn kosningakerfi yrðu þeir bæði heimsfrægir og ríkir, en enginn þeirra hefur orðið við því. Því er mér ljóst að kjörskrárnefndin hefur undir höndum fjölda "sérfræðialita" um að rafræn kjörskrá sé örugg - og að margt annað hvað varðar rafræn stuðningskerfi sé öruggt - og sjálfsagt telja margir nefndina ganga of stutt. Um það segi ég bara: Ég er hjartanlega ósammála. Nefndin gengur of langt.

Bein slóð á umsögn: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2669&uid=94e22e4f-d878-ea11-9b94-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2669&uid=94e22e4f-d878-ea11-9b94-005056bcce7e)